



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginleg ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginlegar reglur



Sameiginlegar reglur fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Eftirfarandi sameiginlegar reglur fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu grundvallast á samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðapjónustu fatlaðs fólks, dags. 19. maí 2014.

Reglurnar mynda sameiginlegan grunn en sveitarfélögunum er heimilt að setja sértækar reglur, gangi þær ekki gegn sameiginlegu reglunum.

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Einnig er stuðst við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

1. Notendur þjónustunnar

Ferðapjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa höfuðborgarsvæðisins (Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness) sem uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- a) Fatlaðir einstaklingar skv. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

Skilyrði er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, og að hann eiga ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum.

Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til ferðapjónustu samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélögin geta veitt undanþágu frá þessu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna, svo sem færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið viðkomandi.

Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og notað ferðapjónustu fatlaðs fólks fram að þeim aldri á hann rétt á henni áfram meðan þörf krefur.

2. Umsóknir

Umsókn um ferðapjónustu fatlaðs fólks skal senda til félagsþjónustu þess sveitarfélags sem umsækjandi á lögheimili í. Skal hún metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

3. Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður umsækjanda skulu kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Meðferð umsóknar, öflun upplýsinga og ákvörðun skal fara fram í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er, forráðamenn hans eða að öðrum kosti persónulegan talsmann ef við á.

Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við umsækjanda, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

4. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi, forráðamaður eða talsmaður umsækjanda fá skriflegt svar þar sem ákvörðunin er rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna eða sérstakra reglna sveitarfélags umsækjanda.

Þar skal jafnframt kynntur réttur hans til að fara fram á að ákvörðunin verði endurskoðuð á vettvangi sveitarfélagsins. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda/forráðamanni/talsmanni barst vitneskja um ákvörðunina.

Ákvörðun sveitarfélagsins skal kynnt umsækjanda skriflega og honum jafnframt kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnaðismála, sbr. 15. gr.

5. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsþjónustu sveitarfélags síns til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

6. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn ferðarþjónustu fatlaðs fólks skulu undirrita yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi.

7. Þjónustutími

Þjónustutími almennrar ferðarþjónustu fatlaðs fólks og eldra fólks miðast við þjónustutíma almenningsvagna Strætó bs. Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum. Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

8. Réttur til þjónustu

Fastar ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Val á ferðarþjónustu og viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins, þó að því marki um fjölda ferða sem ákvarðað er af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Notkunarheimildir fyrir sameiginlega akstursþjónustu skal senda Strætó bs. sem skráir þær í aksturskerfi fyrirtækisins.

Notkun annarra ferðaúrræða m.a. akstursþjónustu Blindrafélagsins er stjórnað af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Heimilt er að veita þeim er nota þjónustuna daglega vegna vinnu eða skóla kost á fleiri ferðum. Um rétt nemenda til þjónustu utan skólatíma er vísað til reglna hlutaðeigandi sveitarfélags um ferðarþjónustu fatlaðs fólks.

9. Pantanir/afpantanir í aksturskerfi Strætó

Notendur skrá pantanir á netinu eða gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti símapöntunum í þjónustuveri á auglýstum símatíma en á netinu má panta allan sólarhringinn.

Notendur skulu veita upplýsingar fyrirfram um fastar ferðir næstu vikur eða mánuði, t.d. vegna vinnu eða skólagöngu.

Ekki er hægt að tryggja akstursþjónustu með hópa nema pantað sé með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara.

Afpöntun reglubundinna ferða skal fara fram með sem mestum fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri, bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda.

Tilhögun pantana, skráninga og afpantana skal nánar útfærð í þjónustulýsingu.

10. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan höfuðborgarsvæðisins. Sveitarfélögunum er heimilt að setja þak á lengd ferða innan svæðisins og/eða miða greiðslur notenda við lengd ferða. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórar aðstoða notendur frá og að anddyri sé þess þörf.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu.

Ferðapjónusta fatlaðs fólks er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúinir töfum eða breytingum á áætlun, svo sem vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur.

Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri tilbaka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Tilhögun ferða skal nánar útfærð í þjónustulýsingu.

11. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

Börn undir 6 ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einsamall að mati félagsþjónustu, Strætó bs., skóla eða frístundastarfs og að höfðu samráði við sveitarfélagið, skal aðstoðarmaður fylgja honum. Viðkomandi sveitarfélag greiðir laun og annan kostnað aðstoðarmanns. Fyrir aðstoðarmenn er ekki greitt fargjald.

12. Gjald og þjónustusvæði

Fargjald notenda fyrir ferðapjónustu tekur mið af almenningssamgöngum og er ákvarðað í gjaldskrá hvers sveitarfélags.

Þjónustusvæði ferðapjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

13. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði laga, reglugerða og leiðbeininga velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Ökumaður sem sinnir ferðapjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla og leggja fram sérstakt sakavottorð við umsókn sína.

Ökumaður þarf einnig að sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk til þess að vera vel búinn undir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans við þjónustuna.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

14. Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

15. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Ákvarðanir um ferðapjónustu við fatlað fólk samkvæmt reglum þessum, sem og sérstökum reglum sveitarfélags eru teknar í viðkomandi sveitarfélagi.

Ábendingum og fyrirspurnum notenda um þjónustuna skal beina til viðkomandi sveitarfélags og eftir atvikum Strætó bs.

16. Gildistaka

Reglur þessar koma í stað Sameiginlegra reglna fyrir ferðapjónustu fatlaðs fjólks á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykktar voru 19. maí 2014. Tillögur að breytingum á reglum þessum skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að þeim og taka þær gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt þær.

Fh. Hafnarfjarðar
Dags.:

Fh. Garðabæjar
Dags.:

Fh. Reykjavíkurborgar
Dags.:

Fh. Seltjarnarnesbæjar
Dags.:

Fh. Mosfellsbæjar
Dags.:

